

À SPANI





Þessi bók er í 3. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



Á spani

Samhljóðasambönd 4

ISBN 978-9979-0-2556-6

2003 © Kristín Steinsdóttir

2003 © teikningar Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

Fagleg ráðgjöf: Þóra Kristinsdóttir

1. útgáfa 2003

önnur prentun 2019

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Litróf ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



Á spani

Í húsinu hennar Skúlínu
er mikið um að vera.
Þar eru allir á spani.

Skúlína er á förum.
Hún er sjötú og eins árs
og fer í nýtt hús.

sprækir
kassar



Kassar

Krakkarnir eru sprækir.

Þeir bera marga kassa.

Þeir bera marga kassa
upp og niður stígana.



svíkja
Svavar
spotta



Krakkarnir svíkja ekki góðan vin.
Þeir svíkja ekki Skúlínu.

Óskar sækir lím, Svavar spotta
og Stína lokar kössunum.

spangól
svalir
svæfil
svífur



Spangól

Dísa er komin út á svalir
með kodda, svæfil og teppi.

Hún lemur og ber
og rykið svífur í loftinu.



Gáski og Vaskur horfa upp á svalir.
Þeir eru í beisli við útidyrnar.
Þá langar að vera með.

Þeir spangóla hátt.



svalir
spangóla

spegill
svitinn
geispar



Spegill

Svitinn bogar af Skúlínu.

– Ég á allt of mikið dót,
segir hún og stynur.

Svo sest hún niður og geispar.





spjgil
spyr
Svölu
speglar sig

– Vilt þú eiga þennan spegil?
spyr hún Svölu.

– Takk, segir Svala
og speglar sig.

vespa
spói
spyr
spaugar



Vespa og spói

Óskar fær gamalt skammel.

Rósa fær mynd af vespu og spóa.

Má ég eiga mottuna? spyr Dísa.

– Þið megið eiga þetta allt,
spaugar Skúlína.





sjalinu

Svo vefur Skúlína sjalínu að sér.
Það er risastórt.

Hún býr til kaffi í síðasta sinn
í gamla eldhúsinu sínu.



svona

svo



Skúrin

Krakkarnir bera dótið út.

Þeir láta dótið í gamla skúrin.

Þar hefur ekki verið svona fínt áður.

Svo fara þeir aftur inn.



Nú er Sveinn kominn
með stóran, svartan bíl.

Sveinn er vinur Skúlínu.
Hann á að fara með dótið.



Sveinn
svartan

Sveini



Loforð

Krakkarnir bera kassana niður.
Þeir raða í bílinn með Sveini.

– Mikið eruð þið væn, segir Skúlína.
Hún er með hattinn, stafinn og töskuna.





– Komið þið ekki
að heimsækja mig? spyr hún.
Þetta er enginn spölur.

Krakkarnir lofa því.





Sveini
sprotta

Drottning

Svo sest Skúlína hjá Sveini.
Hún situr hátt uppi
og veifar stafnum líkt og sprotta.

Kisa fer með.





Skúlína er eins og drottning
og hatturinn er kóróna.

Krakkarnir veifa.
Skúlína veifar.

Svo ekur bíllinn af stað.





Lestu og lærðu orðin!

spotta	kassar	hennar
mottuna	kodda	þennan
hattinn	kaffi	allir
hátt	teppi	takk
drottning	uppi	skammel

span-góla	úti-dyrnar	lof-orð
rísa-stórt	eld-húsinu	heim-sækja

marga
loftinu
horfa
beisli

langar
gamalt
gamla
fínt



Til kennara

Tilgangur þessa bókaflokks er að vekja lestraráhuga nemenda og þjálfara þá í að lesa orð með samhljóðasamböndum. Við gerð bókarinnar *Á spani* eru sérstaklega valin orð með *sp, spr, sj* og *sv*. Flest orðin í textanum eru bömunum kunnug og er lögð áhersla á að myndefnið styðji vel við textann. Hér að neðan eru nokkrar ábendingar um notkun.

Forspá/umræður. Nemendur og kennari skoða bókina og ræða efni hennar út frá titli, kaflaheitum og myndum. Lögð er áhersla á að nota orðin sem koma fyrir í textanum.

Orðaforði. Orð sem barnið skilur e.t.v. ekki þarf að útskýra. Dæmi: *á spani, sprækir, svæfill, spangóla, vespa, skammel, spauga, spödur, sproti*. Góð æfing til auka að orðaforða er að finna samheiti og andheiti orða þar sem því verður við komið.

Hljóðgreining. Kennari segir orð, barnið hlustar eftir tilteknu samhljóðasambandi. Hvar er það í orðinu? Æskilegt að nota fleiri orð en eru í textanum.

Orðalestur. Skrifa má samhljóðasambandsorðin á lítil spjöld og æfa nemendur í að lesa þau stök. Lesturinn má auðvelda með því að búa orðin í lesbúta, dæmi: *spro-ti*. Sum börn þurfa einnig æfingu í að lesa önnur orð í textanum, sjá orðakassa á bls. 16. Þar eru tekin út orð með tvöföldum samhljóða, samsett orð og orð með samhljóðasamböndum inni í orðum. Hafa skal í huga að orð með samhljóðasambandi fremst og tvöföldum samhljóða inni í orði geta reynst byrjendum býsna erfið. Í sögunni koma fyrir nokkur orð með *st* og *sk* en þau samhljóðasambönd eru æfð sérstaklega í sögunum *Leynifélagið Skúmur* og *Læstur inni*.

Lestur. Sagan lesin. Vakin athygli á spurningunum neðst á hverri síðu sem eru ætlaðar til að skerpa athygli og lesskilning.

Ritun. Nemandi finnur orð í sögunni sem byrja á *sp-, spr-, sj-* og *sv-*. Venjulega er nóg fyrir barnið að fást við eina opnu í senn. Orðin skrifar barnið í eigin bók og strikar t.d. undir samhljóðasambandið.

Úrvinnsla. Í þessari sögu koma fyrir nokkur samsett orð. Tilvalið er að vekja athygli á þeim, finna þau og æfa barnið munnlega í að búa til samsett orð úr tveimur orðum eða jafnvel fleirum, dæmi: *blóm – pottur, kerti – ljós, eldur – spýta – stokkur*. Einnig má skrifa orðin í „orðabók“ og myndskreyta. Hér hentar vel að bera saman lengd orða. Kennarinn segir tvö orð, langt og stutt, og barnið reynir að átta sig á hvort er lengra. Oft hjálpar að klappa orðin. Æskilegt er að sýna líka orðmyndirnar og bera þær saman.

Á vef Menntamálastofnunar
er verkefnablöð með sögunni.

SMÁBÓK

4

SAMHLJÓÐASAMBÖND

Smábækur Menntamálastofnunar
eru ætlaðar börnum sem eru
að læra að lesa.

Á *spani* er í bókaflokki
þar sem áhersla er
lögð á að æfa orð með
samhljóðasamböndum.

Í þessari bók eru sérstaklega
æfð orð með *sp*, *spr*, *sj*, og *sv*.

Kristín Steinsdóttir
er höfundur efnis.



Teikningar eru eftir
Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur.